

Lampinn fyrst?

Hvað gerirðu þegar þú kemur í nýju íbúðina þína og þarft að velja lampa í stofuna? Ef þú þarft að velja lampa í eldhúsið eða þvottahúsið þá eru dósir til staðar og þú velur lampa sem passa á þær og gefa góða vinnubirtu. Málin flækjast aðeins fyrir manni í svefnherberginu og á salerninu, þegar komið er á ganginn þyngist róðurinn enn frekar og stofan verður höfuðverkur. Til að byrja með lætur maður hátíðarútgáfu af "rússaperu" duga (nakin pera með fattningu og kapal í sama lit) og þegar hún er búinn að vera í þrjú ár verður það nýársheit að setja upp almennilegan lampa á árinu. Ákveðið er að fara í lampabúðir og skoða úrvalið og athuga hvort maður sjái ekki einhvern flottan lampa. Úrvalið af þeim er nóg en flottu lamparnir eru bara svo "dýrir". Buddan leyfir ekki slíkan munað og ákveðið er að hressa upp á "rússann" með því að fara í Ikea og kaupa "kínverja" (pappahólkur í ýmsum gerðum) utan um peruna.



Svo líða tvö til þrjú ár og í jólahreingerningunni þá rifnar "kínverjinn" þegar verið er að þurrka af honum. Nú eru góð ráð dýr og til að bjarga jólunum er ákveðið að fjárfesta í "almennilegum" lampa. Keyptur er flottur og dýr lampi, sem verður örugglega stofuprýði, og á Þorláksmessu er hann settur upp. Nú er allt tilbúið fyrir jólin, en þegar kveikt er á lampanum þá er hátíðleikinn skyndilega horfinn því stofan er ekki eins og þegar kveikt var á gamla lampanum. Nýi lampinn lýsir bara á stofuborðið og málverkin á veggjunum sjást ekki. Kannast ekki einhver við þessa sögu? Lampinn er stofustáss þegar bjart er úti en það þarf að kaupa annan lampa til að lýsa á nýja lampann svo hann verði stofustáss þegar dimmt er úti.

Þegar lýsa á rými er mjög oft farið sú leið að velja lampann fyrst, hvort heldur er að hann er fallegur eða ódýr, í tísku eða á tilboði en menn ættu þó fyrst að athuga hvornig þeir vilja sjá umhverfi sitt þegar búíð er að kveikja á lampanum. Viltu hafa beina lýsingu eða óbeina, viltu láta loftið sjást þannig að lofthæðin njóti sín, viltu láta veggina sjást eða viltu bara lýsa á fína teppið á gólfinu? Þegar þú ert búinn að gera





Þetta upp við þig, þá áttarðu þig á því að þú getur ekki leyst málið með einum lampa og þarft þess vegna að huga að tengistöðum og hvaða möguleika þú hefur til að tengja og staðsetja lampana þannig að vel sé. Útlit lampans skiptir máli en það skiptir meira máli að hann skili því sem þú óskar eftir þegar kveikt er á honum. Þess vegna þarft þú meðal annars að vera búinn að gera það upp við þig hvernig perur þú vilt nota og hvort lampinn á að vera dimmanlegur. Það er auðvelt að dimma allar glóperur, þar með taldar 12 volta halógen perur, en það þarf að passa upp á að dimmerinn sé nægjanlega stór og hann sé valin fyrir rétt álag, þ.e. rafeindaspenna eða kjarna-spenna þegar notaðar eru 12 volta perur. Við val á perum þarf að huga að hlýleika ljóssins og þegar sóst er eftir hvítri birtu þá þýðir ekki að velja venjulegar glóperur.

Gott dæmi um rangt val á ljósgjafa er þegar notaðar eru flúrperur með röngum lit og litarendurgjöf á salernum. Flúrperan er góður ljósgjafi, sennilega sá besti sem völ er á, en gæta verður þess að velja réttar perur eftir því hvort á að nota þær í bílskúrnum eða þegar verið er að mála sig á snyrtingunni. Góðir vinir mínir létu breyta hjá sér snyrtingunni fyrir nokkrum árum og fengu innanhúsarkitekt til að hjálpa sér. Hann ákvað að notuð skyldi kappalýsing með flúrperum sem gæfi góða óbeina birtu upp á loftið og með niðurljósi við spegilinn. Öllum leist vel á hugmyndina og eftirvæntingin var mikil þegar kveikt

var á herlegheitunum í fyrsta skipti. Þau litu hvort á annað og skynjuðu að eitthvað var að, en gátu ekki áttað sig á því hvað það var. Fljótlega tók að bera á því að heimilisfólkinu fannst það eitthvað svo grátt og guggið þegar þau litu í spegil og fór að bera á vanheilsu á heimilinu. Það var ekki fyrr en þeim var bent á að þau hefðu sennilega keypt rangar flúrperur (litarhitastig 4.000°K og litarendurgjöf Ra60 í stað Ra80+) að þau ákváðu að gera tilraun með því að skipta um perur. Víti menn, það var eins og við manninn mælt, þau fóru að líta út eins og þau væru nýkominn af sólarströnd og heilsan batnaði snarlega. Hönnun innanhúsarkitektsins hafði gengið fullkomlega upp.

En snúum okkur aftur að lömpunum. Lampinn er umgjörð utan um peru og peran er notuð til

að lýsa, einfaldara getur það ekki verið, eða hvað? Við kaup á lampa þarf meðal annars að svara eftirfarandi spurningum:

- Hvað má hann kosta? (1.000 - 10.000 - 100.000 - 500.000 krónur)
- Hvað á hann að endast lengi? (1 ár - 5 ár - 15 ár - tvær kynslóðir)
- Hvernig á hann að lýsa? (upp - niður - upp/niður - kastari - allar áttir)
- Hvar getur hann verið? (á lofti - vegg - gólf)
- Á hvað á hann að lýsa? (málverk - borð - andlit - vinnusvæði - veröldina)
- Hvernig peru vil ég hafa í honum? (glóperu - flúrperu - háþrýsta peru - díóðu peru)
- Hvað kostar að reka lampann? (rafmagn - perukostnaður - varahlutir)
- Finnst mér lampinn fallegur?

Hikið ekki við að gera tilraunir með mismunandi lýsingu á heimilinu og fáid lánaða lampa til að prófa heima þegar um umtalsverðar fjárfestingar er að ræða áður en endanleg ákvörðun er tekin.

Guðjón L. Sigurðsson,
rafmagnsiðnfræðingur á verkfræðistofunni
Rafteikningu hf.